

Þelamerkurskóla 6. október 2010.

Efni: Fundur í sparkvallarráði Þelamerkurskóla

Fundur var haldinn í stofu 6 kl. 11.10 miðvikudaginn 6. október.

Mættir voru: Karl 10. bekk, Tryggvi 9. bekk, Unnar 8. bekk, Anton Smári 7. bekk, Bergur 6. bekk, Agnar Páll 5. bekk, Þorsteinn Viðar 4. bekk, Egill Már 3. bekk. Jón Steinn 1. bekk og Magnþór 2. bekk komust ekki á fundinn.

Unnar Eiríksson var fundarstjóri og einnig ritari. Fundarstjóri fór yfir hvað rætt yrði á fundinum.

1. mál. Röðun bekkja á sparkvöllinn í löngu frímínútunum

Þessi liður var mikið ræddur og vel ígrundað hvaða bekkir ættu að hafa völlinn og eins fjöldi skipta. Fundarmenn voru sammála um að frá og með mánudeginum 11. október verða tímasetningar á vellinum eftirfarandi.

Mánudagur: 7. – 10. bekkur. Kennarar á vakt eru Logi og Anna Rósa

Þriðjudagur: 1. – 6. bekkur. Kennarar á vakt eru Halla Björk og Berglind

Miðvikudagur: Allir bekkir saman. Kennarar á vakt eru Sigga G og Jónína G.

Fimmtudagur: 1. – 6. bekkur. Kennari á vakt eru Inga og Dóra.

Föstudagur: 7. – 10. bekkur. Kennari á vakt er Elva Dögg.

Fundarstjóra var falið að útbúa tilkynningu og hengja hana upp á nokkrum stöðum.

2. mál. Rætt um val í lið.

Fundarmenn voru sammála um að þetta atriði væri í fínu lagi og þyrfti ekki að skoða betur.

Fleira ekki gjört.

Unnar Eiríksson fundarritari.